

Snæfellsbær
Klettsbúð 4, Hellissandi
360 Snæfellsbær

Garðabær, 1. nóvember 2024
Málsnúmer: 202410-0027/28
BK

Efni: Dalbrekka – Lýsing á nýju deiliskipulagi og breytingu á aðalskipulagi

Vísað er í tölvubréf frá Snæfellsbæ sem bárust í gegnum Skipulagsgátt þann 9. október 2024. Þar er óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um lýsingu að nýju deiliskipulagi og breytingu á aðalskipulagi vegna Dalbrekku í Ólafsvík.

Til stendur að auka framboð íbúðarhúsaloða í Ólafsvík. Fyrirhugað svæði er nefnt Dalbrekka og liggur frá Fossabrekku niður að Ólafsbraut en samkvæmt gildandi skipulagi er þar nú gert ráð fyrir athafna- og íþróttasvæði ásamt opnu svæði.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagslýsinguna og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Hér er um að ræða gróskumikið land í jaðri byggðar og ber það töluverð merki mannvistar. Lúpínubreiða er á jaðri svæðisins og til að stuðla ekki að frekari dreifingu hennar ætti að forðast að flytja jarðveg út fyrir skipulagssvæðið.

Við skipulagið er mikilvægt að taka ríkt tillit til votlendis og tjarna á opnu svæði (OP) norðan Dalbrautar, meðal annars með því að leitast við að hafa a.m.k. 50 m fjarlægð milli vatns og mannvirkja. Þá er æskilegt að fyrirhuguð starfsemi innan opna svæðisins taki mið af því að valda ekki mikilli truflun á varptíma fugla og á þeim árstíma eru því bátasiglingar á tjörninni ekki heppilegar.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir að sinni.

Virðingarfyllst,

Borgný Katrínardóttir
Líffræðingur, svið náttúruverndar